

Fundargerð aðalfundar Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra

18. apríl 2013, kl. 20 í fundarsal Barnaheilla

Ketill B Magnússon býður fundargesti velkomna og stingur upp á því að Ragnar Valsson verði kosinn fundarstjóri og Björn Rúnar Egilsson fundarritari og er tillagan samþykkt einróma. Ragnar leggur til að breyta dagskránni og fara beint í lagabreytingatillögur Ketils Magnússonar og Sigrúnar Þorleifsdóttur (flutningsmenn tillögunnar) og er það samþykkt.

Ketill byrjar á því að lýsa aðdraganda lagabreytingartillaganna en flutningsmönnum hefur þótt þörf á því í langan tíma að skerpa á því hverjir hafi kosningarétt á aðalfundi. Hingað til hafa lögin verið óljós um það hvort einungis einstaklingar sem eru fullgildir félagar í Heimili og skóla hafi atkvæðisrétt eða fulltrúar úr fulltrúaráði, svæðaráðum, foreldrafélögum hafi hann einnig. Tillagan einfaldar þetta þannig að það séu aðeins einstaklingar sem hafi atkvæðarétt. Einnig er markmið flutningsmanna að einfalda stjórnarfyriřkomulagið svo að þeir sem að bjóði sig fram til stjórnarsetu geti betur sinnt sínum skyldum og hafi skýrara hlutverk. Hugmyndin er sú að stjórnin beri fyrst og fremst ábyrgð á stefnumótun, ráði framkvæmdastjóra og sjái um annað sem kemur að rekstri samtakanna með beinum hætti. Undanfarið hefur mikið mætt á stjórninni að sinna daglegum málum og vera vel að sér í efnislegum málum. Það sé viðamikið starf og nú vilja flutningmenn tillögunnar flytja hluta ábyrgðarinnar yfir á fulltrúaráðið þannig að það fái aukna ábyrgð á faglegri stefnumótun samtakanna. Þannig geti sjálfboðaliðar valið um stjórnarsetu eða verið heldur í hlutverki fagaðila, sem hefur áhuga á praktískum málum er varða skólana og stefnumótun. Lagt er til að framkvæmdanefndin verði lögð niður ef stjórn verður minnkuð. Vilji stendur til að endurstilla starfsemi samtakanna þannig að fulltrúaráðið verði virkara og fái aukið vægi. Ketill viðurkennir að betra hefði verið að hafa lengri fyrirvara á breytingunum en þær séu innan lýðræðislegra marka.

Eftirfarandi breytingartillögur eru lagðar fyrir fundinn:

Lagabreytingartillögur á aðalfundi 2013 – Kynning: Ketill B. Magnússon.

Markmið breytinganna eru eftirfarandi:

- a) að skerpa á og einfalda hlutverk og ábyrgð stjórnar svo þeir sem í hana veljist geti betur sinnt skyldum sínum um stefnumótun og eftirlit með rekstri.
- b) auka vægi og ábyrgð fulltrúaráðs og skerpa á faglegu hlutverki þess svo þangað sækji fólk með fagþekkingu á málefnum skóla og velferð skólabarna. Fulltrúaráð myndi þannig sinna hluta af núverandi hlutverkum stjórnar
- c) leggja niður framkvæmdanefnd, enda mun hlutverk hennar falla í verkahring stjórnar.

Stjórnin hefur verið skipuð 11 manns undanfarin ár. Mæting hefur ekki verið nægjanlega góð og hlutverk stjórnarmanna hefur verið afar yfirgripsmikið. Með því að fækka stjórnarmönnum niður í 5 einstaklinga og skerpa á hlutverki stjórnar annars vegar og fulltrúaráðs hins vegar, er vonast eftir því að þeir sem veljist í stjórn geti betur sinnt starfi sínu. Einnig er gert ráð fyrir að vægi fulltrúaráðs verði aukið og fulltrúar geti tekið virkari þátt í starfi samtakanna, s.s. eins og að sitja í nefndum fyrir hönd samtakanna.

Undanfarin ár hefur ítrekað verið rætt um mikilvægi þess að breyta lögum um kosningar á aðalfundi samtakanna svo þær gangi snurðulausar fyrir sig. Með því að kveða skýrar á um það í lögum að það

eru einstaklingar sem hafa atkvæðarétt á aðalfundi, en ekki skólar eða foreldrafélög sem slík, má gera kosningareglurnar skýrari.

Að öðru leyti teljum við ekki þörf á að breyta sjálfum lögnum. Hins vegar þarf að taka upp skýrari vinnureglu við framkvæmd aðalfundar og lagt er til að hún verði þessi:

„Starfsmaður samtakanna sannreyni félagsaðild fundarmanna áður en fundurinn hefst og afhenti fundarmönnum með kosningarétt atkvæðaseðil. Við atkvæðagreiðslu geta fundarmenn rétt upp atkvæðaseðilinn til samþykkis á tillögu eða skilað inn atkvæðaseðli sé um leynilega kosningu að ræða. Öðrum gestum er velkomnið að sitja aðalfund án atkvæðaréttar.“

Unnið var samkvæmt þessari tillögu fyrir þennan aðalfund og gekk það fyrirkomulag vel.

Lagt er til að þegar kosið hefur verið um fundarstjóra og fundarritara byrji aðalfundurinn á liðnum önnur mál þar sem teknar verða fyrir lagabreytingar. Þegar niðurstaða þeirrar atvæðagreiðslu liggja fyrir hefjist síðan aðalfundur samkvæmt nýju lögnum ef þau verða samþykkt.

Þegar flutningsmenn hafa fært rök fyrir tillögunum mun fundarstjóri lesa upp hverja tillögu fyrir sig og óska eftir handauppréttingu þeirra sem eru sammála tillögunni og þeirra sem eru ósammála.

Lagabreytingatillögur lagðar fram 8. apríl 2013

Fyrir aðalfund Heimilis og skóla þann 18. apríl 2013 eru lagðar fram eftirfarandi breytingartillögur með lögbundnum 10 daga fyrirvara.

Aðild

3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar sem greiða félagsgjald. Svæðasamtök foreldra, foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrir geta einnig óskað eftir aðild að samtökunum en hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

~~3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar sem þess óska og greiða félagsgjald. Svæðasamtök foreldra, foreldrafélög og foreldraráð geta einnig orðið fullgildir félagar. Samtökin eiga samvinnu við og geta verið í málsvari fyrir þau svæðasamtök, foreldrafélög og foreldraráð sem eiga aðild að samtökunum.~~

Stjórnskipulag

4. gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórn málaflökkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Aðalfundur er löglegur ef löglegur er til hans boðað.

Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga ~~allir aðilar~~ fullgildir félagar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfeldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara

- b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
- c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
- d) Kosning í stjórn samtakanna
- e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
- f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

5. gr. Stjórn samtakanna skipa fimm menn. Árlega eru á aðalfundi kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára í senn. Að auki kýs fulltrúaráð samtakanna einn stjórnarmann annað hvert ár og fær þá sæti í stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi.

~~5. gr. Stjórn samtakanna skipa ellefu menn sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn, sex stjórnarmenn annað hvert ár og fimm hitt árið. Fjórir stjórnarmenn skulu að jafnaði vera af höfuðborgarsvæðinu og fjórir utan þess. Fulltrúaráði samtakanna er heimilt að tilnefna einn fulltrúa í stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi.~~

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs varaformann og ritara.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru fullgildir félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár.

~~Stjórnin stýrir samtökunum í umboði aðalfundar í samræmi við lög þessi. Í umboði aðalfundar er það hlutverk stjórnar að sjá til þess að samtökunum sé stýrt í samræmi við þessi lög, marka stefnu samtakanna, hafa eftirlit með rekstri þeirra og annast ráðningu framkvæmdastjóra. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en ~~fimm~~ átta sinnum á ári og oftar ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.~~

~~7. gr. Stjórn kýs úr sínum hópi á fyrsta stjórnarfundum þrjú menn af fjórum í framkvæmdanefnd. Formaður stjórnar er sjálfkrafa formaður framkvæmdanefndar. Nefndin fundar a.m.k. níu sinnum á ári. Sérhver nefndarmaður getur skotið ákvörðun nefndarinnar til fullskipaðrar stjórnar. Framkvæmdastjóri situr fundi framkvæmdanefndar og ritar fundargerð.~~

~~Framkvæmdanefnd starfar á milli stjórnarfunda í umboði stjórnar. Stjórn setur framkvæmdanefnd nánari starfsreglur. Um annað en að framan er kveðið á um og varðar störf og starfshætti stjórnar og framkvæmdanefndar setur stjórn reglur eftir því sem þurfa þykir.~~

~~8. 7. gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði ~~árlega~~ að lágmarki tvisvar á ári. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Fulltrúaráð fjallar um eflingu foreldrastarfs, skólastefnu yfirvalda og velferð skólabarna. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfsemi.~~

Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi lög samtakanna sem sett voru á aðalfundi ~~2005~~ 2008.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á aðalfundi 18. apríl 2013, sem samþykkti þessi lög, skal kosið til stjórnar samkvæmt lögum þessum. Þá skulu kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára. Í stjórn sitja áfram í eitt ár þrír stjórnarmenn áður kjörnir.

~~Á aðalfundi 25. apríl 2008, sem samþykkir lög þessi, skal kosið til stjórnar samkvæmt lögum þessum. Þá skulu kosnir sex nýir fulltrúar til tveggja ára og tveir til eins árs. Í stjórn sitja áfram í eitt ár þrír fulltrúar áður kjörnir.~~

Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK og Jóhanna Sveinbjörg, talsmaður Foreldraráðs Hafnarfjarðar leggja fram eftirfarandi breytingartillögur við þessar breytingartillögur Ketils og Sigrúnar (tekin var fyrir ein tillaga í einu):

3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar sem greiða félagsgjald og aðal- og varafulltrúar í fulltrúaráði Heimilis og skóla. Þessir aðilar hafi atkvæðisrétt á aðalfundi samtakanna og kjörgengi.

5. gr. Lagt er til að kosnir séu tveir varamenn í stjórn.

7. gr. Fulltrúar í fulltrúaráð Heimilis og skóla eru tilnefndir af svæðasamtökum þar sem þau eru fyrir hendi en annars skulu foreldrafélög og foreldraráð í viðkomandi sveitarfélagi koma sér saman um fulltrúa. Bæði eru tilnefndir aðal- og varafulltrúar.

Þær telja að skýra þurfi reglur um hverjir sitja í fulltrúaráði Heimilis og skóla og hverjir eru varamenn þeirra. Leggja þær til að foreldrar í hverju sveitarfélagi eigi tvo fulltrúa í fulltrúaráði, einn aðalmann og einn varamann. Séu svæðasamtök foreldra til staðar í sveitarfélagi skulu þau setja sér reglur um kosningu fulltrúa. Ella skulu foreldrafélög og foreldraráð í viðkomandi sveitarfélagi koma sér saman um fulltrúa. Á aðalfundi hafi stjórn Heimilis og skóla, einstaklingar sem greitt hafa félagsgjald og aðal- og varafulltrúar í fulltrúaráði atkvæðisrétt. Rökstyðja þær tillögur sínar þannig að uppbygging Heimilis og skóla sem samtaka byggist meðal annars á fulltrúaráði sem lagt er til að skipað verði fulltrúum foreldra úr öllum sveitarfélögum. Í ljósi þess vægis sem stjórn Heimilis og skóla vill að fulltrúaráðið hafi í starfsemi samtakanna er mikilvægt að þeir aðilar sem skipa fulltrúaráðið geti á lýðræðislegan hátt tekið þátt í ákvarðanatöku sem varðar samtökin.

Eftir umræður um kosti og galla tillagnanna eru breytingartillögurnar samþykktar með eftirfarandi breytingum:

3.gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar og aðal- og varafulltrúar hvers svæðaráðs í fulltrúaráðinu sem greiða félagsgjald. Foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrir geta einnig óskað eftir aðild að samtökunum en hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

5. gr. Stjórn samtakanna skipa sjö einstaklingar þar með talinn formaður. Annað hvert ár eru á aðalfundi kosnir þrír stjórnarmenn til tveggja ára í senn og tveir hitt árið. Það ár kýs fulltrúaráð samtakanna einn stjórnarmann til tveggja ára. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs varaformann og ritara.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru fullgildir félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár.

Í umboði aðalfundar er hlutverk stjórnar að sjá til þess að samtökunum sé stýrt í samræmi við þessi lög, marka stefnu samtakanna, hafa eftirlit með rekstri þeirra og annast ráðningu framkvæmdastjóra. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en átta sinnum á ári og oftast ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

7. gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði að lágmarki tvisvar á ári. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Fulltrúaráð fjallar um eflingu foreldrastarfs, skólastefnu yfirvalda og velferð skólabarna. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfsemi.

Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi lög samtakanna sem sett voru á aðalfundi 2008.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á aðalfundi 18. apríl 2013, sem samþykkti þessi lög, skal kosið til stjórnar samkvæmt lögum þessum. Þá skulu kosnir þrír stjórnarmenn til tveggja ára. Í stjórn sitja áfram í eitt ár fjórir stjórnarmenn, þar af formaður.

Kaffihlé eftir umfjöllun um lög.

Eftir kaffi er skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar. Ketill heldur auk þess stutt erindi um starfsemi Heimilis og skóla á árinu 2012 (en það er að finna í lokaorðum ársskýrslunnar). Ketill leggur sérstaka áherslu á að samstarfið við Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, hafi gengið afar vel, hún hafi sýnt samtökunum mikinn áhuga og það hafi verið hægt að treysta á hennar orð. Í framhaldinu leggur fundurinn einróma blessun sína yfir ársskýrsluna. Því næst fer Ketill yfir ársreikning og leggur hann til samþykktar. (Sjá ársreikning 2012) Ársreikningur samþykktur samhljóða og lofar Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK, starfsfólk og stjórn fyrir gríðargóðan árangur í starfi og rekstri samtakanna við erfiðar aðstæður. Telur hún með ólíkindum hvernig tekist hefur að rétta af reksturinn og telur hlutaðeigandi eiga hrós skilið.

Næst er gengið til kosningar í stjórn en 6 sæti eru laus samkvæmt nýju lögnum (Ketill á enn eftir eitt ár af formennsku sinni). Fyrst er kosið á milli þeirra sem kosnir voru í stjórn árið 2012 (til eins árs í viðbót) en það eru Bryndís, Svava, Anna Margrét, Þórður Ingi og eru tvö sæti laus. Páll Brynjar Pálsson heldur áfram í stjórn sem fulltrúi fulltrúaráðs.

- Úrslitin: **Anna Margrét og Svava** kosnar til áframhaldandi setu.

Næst er kosið um þrjú laus sæti til tveggja ára og eru í framboði Þórður Ingi, Bryndís, Jenný, Ása Sigurlaug og Sigrún Þorleifsdóttir.

Ragnar fundarstjóri bregður sér frá til að telja atkvæðin og er „The mom song“ spilað á youtube á meðan beðið er eftir úrslitunum. Heimili og skóli bjóða einnig upp á skemmtiatriði á aðalfundum.

- Úrslitin: **Ása, Bryndís og Sigrún** kosnar til stjórnarsetu.

Í stjórn Heimilis og skóla sitja því eftirfarandi aðilar:

- Ketill B Magnússon, formaður
- Anna Margrét Sigurðardóttir
- Ása Sigurlaug Harðardóttir
- Bryndís Elfa valdemarsdóttir
- Páll Brynjar Pálsson
- Sigrún Þorleifsdóttir
- Svava sigurjónsdóttir

Sömu skoðunarmenn ársreikninga valdir – Barbara Björnsdóttir og Hilmar Ingimundarson. Ekkert framboð borist til varamanna skoðunarmanna. Engir varamenn kosnir. Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri, þakkar stjórninni fyrir samstarfið sem og fundarstjóra sem fær glaðning í formi gjafabréfs.

Fundi slitið rétt fyrir kl. 21.